

Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2021
UST202110-051/A.Þ.
08.15

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – endurbætur á fráveitukerfi í Vogum á Vatnsleysuströnd

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Sveitarfélagið Vogar ráðgerir að bæta fráveitukerfi sveitarfélagsins. Ætlunin er að leggja skólpuþrás frá nýju hverfi við Grænuborg til sjávar. Nýja fráveitukerfið verður tvöfalt kerfi með aðskildu frárennsli fyrir skólpu og ofanvatn af götum. Ofanvatni frá húsum og lóðum verður veitt í jörðu innan lóða og affallsvatni hitaveitu verður veitt í ofanvatnslögn í götu. Skólpu verður veitt til sjávar um útrás með sjálfrennsli neðan Vesturborgar og Sjávarborgar. Ofanvatn af götum og affallsvatn hitaveitu fer um sér útrás til sjávar á sama stað.

Hin nýja útrás verður um 420 m löng sjólögn sem endar á 5 m dýpi. Ofanvatnslögn og yfirfallslögn liggja samsíða sjólögninni, í fjöru og eru um 80 m langar. Lagnirnar munu liggja frá fyrirhugaðri dælu- og hreinsistöð sem verður staðsett ofan núverandi sjóvarnargarðs. Hluti sjólagnar verður niðurgrafinn í fjöru og hluti lagður í sjó með steinsteiptum festum, sem einnig á við um ofanvatns- og yfirfallslagnir að hluta. Rjúfa þarf um 150 m³ af sjóvarnargarði á meðan lögnum er komið fyrir en svo verður gengið frá honum aftur. Heildarefnismagn vegna jarðvinnu er áætlað 900-950 m³ af uppgreftri og fyllingu og heildarlengd fráveitulagna er 540 m.

Líkt og fram kemur í tilkynningarskýrslu er framkvæmd við lagningu útrásar háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Stofnunin vill benda á að með þessari umsögn er hún ekki að veita samþykki fyrir framkvæmdinni.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Fyrirhugað er að veita ofanvatni af götum og affallsvatni hitaveitu um sér útrás til sjávar en á sama stað og frárennsli skólps. Umhverfisstofnun vekur athygli á að æskilegt er að notast sé við blágrænar ofanvatnslausnir, t.d. að ofanvatnið sé hreinsað með því að veita því í settjörn áður en það er losað út í viðtaka.

Viðtaki

Umhverfisstofnun minnir á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og bendir á að hreinsað fráveituvatn frá stöðinni verður losað í strandsjávarvatnshlot sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1382-C og nefnist Hafnir að Gróttu. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera a.m.k. í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef vatnshlot uppfylla ekki umhverfismarkmið sín skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Mælingar

Umhverfisstofnun telur æskilegt að gert sé ráð fyrir aðstöðu til að taka sýni í hreinsistöðinni áður en fráveituvatn er losað út, svo auðvelt sé að fylgjast með mengunarefnum sem losuð eru í viðtaka.

Dælu- og hreinsistöðvar

Ráðgert er að grófsíur í móttökubrunnum dælu- og hreinsistöðvar muni sía stærri hluti frá áður en fráveituvatni er dælt upp á færbanda- og þrepasíur þar sem möskvastærð á rist verður 3 mm. Umhverfisstofnun bendir á að með losun á fráveituvatni og ofanvatni eru ekki einungis losuð lífræn efni heldur einnig rusl, örplast og annað sem mikilvægt er að hreinsa eftir bestu getu. Stofnunin telur því afar jákvætt að sveitarfélagið ætli að hreinsa fráveituvatn með síun á a.m.k. 3 mm ögnum sem dregur úr neikvæðum áhrifum fráveituvatns á viðtakann.

Náttúruminjaskrá

Líkt og fram kemur í tilkynningarskýrslu eru tjarnir á Vatnsleysuströnd og nánasta umhverfi þeirra á náttúruminjaskrá en lögnin liggur þó nokkuð nálægt Mýrarhústjörn sem er lífrík tjörn með fjölbreyttu fuglalífi. Umhverfisstofnun tekur undir að ólíklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki og vatnabúskap tjarnarinnar en bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir verði utan varptíma og að frágangur sé góður svo verndargildi svæðisins rými ekki.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þeim er lýst í tilkynningarskýrslu séu til þess fallnar að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og séu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur